

Bæjarráð Garðabæjar,
Hr. bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Garðatorgi

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	6. 9. 21
Málalykill	
Mál nr.	2109/165

Varðar: Styrkbeiðni vegna Evrópumóts stúlknaandsliða 2022

Garðabæ, 6. september 2021,

Á fundi framkvæmdastjórnar Evrópska golfsambandsins, European Golf Association, á síðasta ári var samþykkt umsókn Golfsambands Íslands um að Evrópumót stúlknaandsliða færi fram á Urriðavelli hjá Golfklúbbnum Oddi dagana 5.-9. júlí 2022.

Verður þetta í annað sinn sem Golfklúbburinn Oddur heldur mót af þessari stærðargráðu en klúbburinn hélt Evrópumót kvennalandsliða árið 2016. Evrópumót í golfi eru einungis haldin á bestu golfvöllum álfunnar og það að Golfklúbburinn Oddur og Urriðavöllur hafi aftur orðið fyrir valinu er mikil viðurkenning fyrir íslenskt golf og staðfesting á góðri framkvæmd kvennamótsins árið 2016. Líkt og áður, gerum við ráð fyrir að yfir 100 keppendur frá um 20 þjóðum muni mæta til leiks ásamt þjálfurum, liðsstjórum og öðru fylgdarliði.

Golfíþróttin er næst vinsælasta íþróttagrein landsins en yfir 10% þjóðarinnar stundar golf. Íþróttin hefur átt gríðarlega góðu gengi að fagna undanfarinn áratug en á þeim tíma hefur fjöldi kylfinga tvöfaldast. Á þessum árum hefur verið gert sérstakt átak til að fjölga kvenkylfingum en hlutfall kvenna hefur vaxið úr 10% í 33% á þessum tíma. Það er einstakur árangur en betur má ef duga skal. Af þeim sökum er það sérstaklega ánægjulegt að alþjóðlegt stúlknamót af þessari stærðargráðu skuli haldið hér á landi. Þá er það sérstaklega táknrænt að mótið skuli haldið hjá Golfklúbbnum Oddi, þar sem hlutfall kvenkylfinga er það hæsta á Íslandi en yfir 43% félagsmanna eru konur. Það er von okkar í golfhreyfingunni að mótið muni hvetja stúlkur á öllum aldri til enn frekari dæða á golfvöllum.

Metnaður okkar felst í því að taka vel á móti gestum okkar og sýna þeim að golf á Íslandi sé góður kostur fyrir bestu kylfinga Evrópu jafnt sem aðra Evrópubúa. Ísland býður upp á áhugaverða og fallega golfvelli í stórkostlegu umhverfi. Það er okkur því mikið kappsmál að Urriðavöllur verði í sínu allra besta keppnisformi og muni skarta sínu fegursta þegar keppendur hefja leik.

Eins og gefur að skilja fylgir slíku stórmóti töluverður kostnaður. Áætlað er að kostnaður við framkvæmd mótsins verði um 12 milljónir króna og er þá ekki tekið tillit til endurbóta á golfvelli og húsnæði. Á móti þeim kostnaði koma þátttökugjöld keppnisþjóðanna, samtals um fjórar milljónir króna. Það er von okkar að Garðabær sé tilbúinn að koma til móts við Golfklúbbinn Odd á komandi ári til að standa straum af hluta þess kostnaðar sem til fellur.

Undirritaðir vilja fara þess á leit við Garðabæ að bæjarfélagið styrki klúbbinn með sérstöku framlagi upp á tvær milljónir króna vegna þessa verkefnis. Samhliða stuðningi sínum við verkefnið er bærinn sérstaklega hvattur til þess að nýta sér samstarfið með öllum ráðum enda má bærinn vera stoltur af því að halda Evrópumót stúlknaandsliða árið 2022.

Það er einlæg von okkar að Garðabær taki vel í þessa beiðni.

Virðingarfyllt,



Kári Sölmundarson
Formaður Golfklúbbsins Odds



Haukur Örn Birgisson
Forseti Golfsambands Íslands